

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 99/2023**

**frá 28. apríl 2023**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/899 frá 8. júní 2022 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Indónesíu og krafna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar miðlæga mótaðila undir eftirliti fjármálaeftirlits Indónesíu (Otoritas Jasa Keuangan) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/900 frá 8. júní 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/2039 að því er varðar þróun regluramma Suður-Afríku fyrir miðlæga mótaðila <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/901 frá 8. júní 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2269 að því er varðar miðlæga mótaðila undir eftirliti fjármálaeftirlits alþjóðlegu fjármálaþjónustumiðstöðvarinnar (e. International Financial Services Centres Authority) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/902 frá 8. júní 2022 um jafngildi regluramma fyrir miðlæga mótaðila í Malasíu og krafna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/903 frá 8. júní 2022 um jafngildi regluramma fyrir miðlæga mótaðila í Síle og krafna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/984 frá 22. júní 2022 um jafngildi

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 156, 9.6.2022, bls. 53.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 156, 9.6.2022, bls. 57.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 156, 9.6.2022, bls. 60.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 156, 9.6.2022, bls. 64.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 156, 9.6.2022, bls. 68.

regluramma Alþýðulýðveldisins Kína um miðlæga mótaðila sem hafa hlotið starfsleyfi til að stöðustofna OTC-afleiður á millibankamarkaði og eru undir eftirliti Seðlabanka Kína og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(6)</sup>.

- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/985 frá 22. júní 2022 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Ísrael og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(7)</sup>.
- 8) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 31bcaf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2039):

„, breytt með:

- **32022 D 0900:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/900 frá 8. júní 2022 (Stjtið. ESB L 156, 9.6. 2022, bls. 57).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 31bcap (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2269):

„, breytt með:

- **32022 D 0901:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/901 frá 8. júní 2022 (Stjtið. ESB L 156, 9.6. 2022, bls. 60).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31bcasz (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1108):

„31bcasz. **32022 D 0899:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/899 frá 8. júní 2022 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Indónesíu og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar miðlæga mótaðila undir eftirliti fjármálaeftirlits Indónesíu (Otoritas Jasa Keuangan) (Stjtið. ESB L 156, 9.6.2022, bls. 53).

31bcasz. **32022 D 0902:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/902 frá 8. júní 2022 um

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 103.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 108.

jafngildi regluramma fyrir miðlæga mótaðila í Malasíu og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 156, 9.6.2022, bls. 64).

31bcazi. **32022 D 0903:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/903 frá 8. júní 2022 um jafngildi regluramma fyrir miðlæga mótaðila í Síle og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 156, 9.6.2022, bls. 68).

31bcazj. **32022 D 0984:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/984 frá 22. júní 2022 um jafngildi regluramma Alþýðulýðveldisins Kína um miðlæga mótaðila sem hafa hlotið starfsleyfi til að stöðustofna OTC-afleiður á millibankamarkaði og eru undir eftirliti Seðlabanka Kína og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 103).

31bcazk. **32022 D 0985:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/985 frá 22. júní 2022 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Ísrael og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 108).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2022/899, (ESB) 2022/900, (ESB) 2022/901, (ESB) 2022/902, (ESB) 2022/903, (ESB) 2022/984 og (ESB) 2022/985, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.

ÓOPINBER BÝÐING